

AUGLÝSING

um bókun 4 við hinn almenna samning um þjónustuviðskipti.

Hinn 25. nóvember 1997 var samþykkt fyrir Íslands hönd bókun 4 við hinn almenna samning um þjónustuviðskipti frá 15. apríl 1994 sem gerð var í Genf 15. apríl 1997, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 62/1995 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlaðist gildi 16. desember 1997.

Meginmál bókunarinnar er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Viðauki við bókunina liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 19. desember 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.**Bókun 4
við hinn almenna samning um
þjónustuviðskipti.**

Aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (hér á eftir nefnd „WTO“), en sérstakar skuldbindinga-skrár þeirra og skrár um undanþágur frá II. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti, sem fjallar um almenn fjarskipti, fylgja bókun þessari (hér á eftir nefndir „hlutaðeigandi aðilar“),

hafa lokið samningaviðræðum samkvæmt skilmálum ráðherraákvörðunar um samningaviðræður um almenn fjarskipti sem var samþykkt í Marakess 15. apríl 1994,

hafa hliðsjón af viðaukanum um samningaviðræður um almenn fjarskipti, og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

Við gildistöku bókunar þessarar skulu sérstök skuldbindingaskrá og skrá um undanþágur frá II. gr., sem fjallar um almenn fjarskipti, sem fylgja bókun þessari og tengjast tilteknum aðila, auka við eða breyta, í samræmi við skilmálana sem þar eru tilgreindir, sérstakri skuldbindingaskrá þess aðila og skrá hans um undanþágur frá II. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til samþykktar, með undirskrift eða öðrum hætti, af hálfu hlutaðeigandi aðila til 30. nóvember 1997.

Bókunin skal öðlast gildi 1. janúar 1998, að því tilskildu að allir hlutaðeigandi aðilar hafi samþykkt hana. Hafi allir hlutaðeigandi aðilar ekki samþykkt bókunina 1. desember 1997 er þeim aðilum, sem þá hafa samþykkt hana, heimilt að ákveða, fyrir 1. janúar 1998, að hún skuli öðlast gildi.

Bókun þessari skal komið í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra WTO. Aðalframkvæmdastjóri WTO skal án tafar láta öllum aðilum að WTO í té staðfest afrit af bókun þessari og tilkynningum um samþykki hennar.

Bókun þessa ber að skrá í samræmi við ákvæði 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gjört í Genf 15. apríl 1997, í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku og eru allir textar gildir nema kveðið sé á um annað að því er varðar skrárnar sem fylgja bókun þessari.

**FOURTH PROTOCOL
TO THE GENERAL AGREEMENT ON
TRADE IN SERVICES**

Members of the World Trade Organization (hereinafter referred to as the „WTO“) whose Schedules of Specific Commitments and Lists of Exemptions from Article II of the General Agreement on Trade in Services concerning basic telecommunications are annexed to this Protocol (hereinafter referred to as “Members concerned”),

Having carried out negotiations under the terms of the Ministerial Decision on Negotiations on Basic Telecommunications adopted at Marrakesh on 15 April 1994,

Having regard to the Annex on Negotiations on Basic Telecommunications,
Agree as follows:

Upon the entry into force of this Protocol, a Schedule of Specific Commitments and a List of Exemptions from Article II concerning basic telecommunications annexed to this Protocol relating to a Member shall, in accordance with the terms specified therein, supplement or modify the Schedule of Specific Commitments and the List of Article II Exemptions of that Member.

This Protocol shall be open for acceptance, by signature or otherwise, by the Members concerned until 30 November 1997.

The Protocol shall enter into force on 1 January 1998 provided it has been accepted by all Members concerned. If by 1 December 1997 the Protocol has not been accepted by all Members concerned, those Members which have accepted it by that date may decide, prior to 1 January 1998, on its entry into force.

This Protocol shall be deposited with the Director-General of the WTO. The Director-General of the WTO shall promptly furnish to each Member of the WTO a certified copy of this Protocol and notifications of acceptances thereof.

This Protocol shall be registered in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations.

Done at Geneva on 15 April one thousand nine hundred and ninety-seven, in a single copy in the English, French and Spanish languages, each text being authentic, except as otherwise provided for in respect of the Schedules annexed hereto.